

nnin er fólgin í öffrum, fórnfæringum og svo særingum, er ýmist hver einstakur maður getur framið. er honum liggur á, eða verður að hafa til þess vissa menn, töframenn, meðalamenn o.s. frv. En af öllu þessu sést, að aðalþátturinn í trúbrögðum allra þessara þjóða er hjátrú, og öll þeirra dýrkun er töfrar og fjölkyngi.

Aðferðin við dýrkun og einkum særingu andanna er all mismunandi. Oftast er eitthvert sýnilegt jarteikn andanna haft fyrir sér, líkneski eða skurðgoð, og er hugsunin sú, að andinn búi í því, þó hafna aðrir þessu alveg.

Til skurðgoða eru teknir bæði dauðir hlutir sem og dýr ýms. Hjá nokkrum villiþjóðum eru þeir fæstir hinir sömu allt af. Eftir því sem á stendur taka þeir sér dýr (kött, geit, hund o.s. frv.), trjábol, stein eða því um líkt. Er þá guði þessum strax færð fórn, tjáð um leið hvað í áformi sé, og vilji hann ljá því fulltingi sitt, er honum hátíðlega lofað, að hann skuli fá að halda tigninni og tilbeiðinn verða sem guð. Þetta er allttítt hjá svertingjum á vesturströnd Suðurláfu.

Nokkru ofar virðast svertingjarnir standa í suðurhluta álfunnar, er halda engin skurðgoð, en tilbiðja ákveðna anda án nokkurrar sýnilegrar myndar. Að vísu eru þetta að eins andar forfeðra þeirra, og er þá andi framliðins föður ætíð mestur. Dýrum er fórnfært öndum þessum, og er blóðinu og feitinni brennt til „þægilegs fórnarilms“ andanum, en tilbeiðendurnir setjast að kjötinu, og eta það upp guðinum til dýrðar. Jafnframt þessu eru bænir fluttar um vörn gegn sóttum, um gnægð nautgripa, jarðarávaxta o. s. frv.

Hjá rauðskinnunum í Vesturheimi fer tilbeiðslan ýmist fram beint til hinna ósýnilegu anda, t. d. þegar sá, er til bæna gengur, tekur þann fyrsta hnöttóttan stein, er hann finnur á vegi sínum, malar hann allavega, tekur hann síðan afsíðis, leggur hann á bera jörð, fórnar honum þar nokkrum fjöðrum og tóbaki og með því að hann verður goðmagnaður við þetta, þá biður hann stein þenna nú að varðveita sig gegn allri hættu. Mest er þetta dýrkunarmáti einstakra manna.

Önnur er aðferð hjá skrælingjum þessum og viðhafnarmeiri, er vandamál stórvægileg bera að höndum t. d. drepsóttir, langvarandi þurkar, er þurka vatnsból þeirra og hindra jarðargróð-